



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur 28. september 2015

Ákvörðun nr. 25/2015

## **Samruni Tékklands bifreiðaskoðunar ehf. og Aðalskoðunar hf.**

### **I.**

Upphaf þessa máls má rekja til þess að þann 12. maí 2015 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning frá Atlantik Legal Services ehf. vegna kaupa Alfa hf. (hér eftir Alfa) móðurfélags Tékklands bifreiðaskoðunar ehf. (hér eftir Tékkland bifreiðaskoðun) á öllu útgefnu hlutafé Aðalskoðunar hf. (hér eftir Aðalskoðun), í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 með síðari breytingum, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Í samrunaskránni kom fram að Alfa fyrir hönd óstofnaðs félags sem kaupanda, og Veigur ehf., Grandagarður ehf. og Eignarhaldsfélagið Birta ehf. hefðu komist að samkomulagi þann 28. janúar 2015, um helstu skilmála varðandi kaup á öllu útgefnu hlutafé Aðalskoðunar. Kaupsamningur milli aðila var undirritaður þann 29. apríl 2015.

Fram kom að Alfa væri eignarhaldsfélag sem í gegnum eignarhald Alfa á Tékklandi ehf. og Bifreiðaskoðun Íslands ehf. ætti 95% hlutfjár í Tékklandi bifreiðaskoðun á móti 5% eignarhlut framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Jafnframt ætti Alfa m.a. Kynnisferðir ehf.

Þá kom fram að ef fyrirhuguð kaup myndu ná fram að ganga yrði hið óstofnaða félag eini hluthafi Aðalskoðunar og að Aðalskoðun og Tékkland bifreiðaskoðun yrðu systurfélög en ætlun Alfa og ein af forsendum fyrir fyrirhuguðum kaupum væri að reka Tékkland bifreiðaskoðun og Aðalskoðun undir „einum hatti“ og ná þannig fram samlegð og hagræðingu í rekstri.

Þann 20. maí 2015 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum um að samrunaskráin vegna samrunans teldist fullnægjandi og þeir frestir sem að eftirlitið hefði til að rannsaka samrunann samkvæmt 17. gr. d samkeppnislaga, sbr. 9. gr. reglna nr. 684/2008 hefðu byrjað að líða þann 13. maí 2015.

Með bréfi dagsettu 18. júní 2015, var samrunaaðilum tilkynnt um að Samkeppniseftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.

Við meðferð samrunans hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa gagna og sjónarmiða í þeim tilgangi að meta áhrif hans á samkeppni á mögulegum samkeppnismörkuðum málsins. Var m.a. tekjuupplýsinga aflað í því skyni að meta markaðshlutdeildir



samrunaaðila og keppinauta þeirra á þeim mörkuðum sem samruninn nær til. Þá hefur Samkeppniseftirlitið einnig átt í samskiptum við aðila á markaðnum s.s. fulltrúa hagsmunasamtaka og annarra og aflað hjá þeim upplýsinga og sjónarmiða. Í þeim samskiptum komu m.a. fram áhyggjur af samkeppni á bifreiðaskoðunarmarkaðnum og að ástæða væri til þess að óttast fækkun keppinauta á fákeppnismarkaði. Samkeppniseftirlitið hefur ennfremur fundað með samrunaaðilum nokkrum sinnum.

Þann 14. júlí 2015 sendi Samkeppniseftirlitið málsaðilum andmælaskjal vegna samrunans ásamt lista yfir gögnum málsins. Andmælaskjal er ritað á grundvelli 17. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 í þeim tilgangi að auðvelda málsaðilum að nýta andmælarétt sinn áður en ákvörðun er tekin í málinu í samræmi við stjórnarsýslulög nr. 37/1993 og stuðla að því að rétt ákvörðun verði tekin.

Í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins var komist að þeirri frumniðurstöðu að í kaupum Alfa móðurfélags Tékklands bifreiðaskoðunar á öllu útgefnu hlutfé Aðalskoðunar fælist samruni í skilningi samkeppnislaga. Einnig var komist að þeirri frumniðurstöðu að markaður málsins væri markaðurinn fyrir lögbundnar ökutækjaskoðanir á skoðunarskyldum ökutækjum undir 3.500 kg á höfuðborgarsvæðinu, sem að mati Samkeppniseftirlitsins væri fákeppnismarkaður. Í andmælaskjalinu færði Samkeppniseftirlitið auk þess fyrir því ýmis rök að samruninn raskaði samkeppni með alvarlegum hætti. Meðal annars væri ljóst að sú aukna markaðshlutdeild sem yrði til við samrunann og sú breyting sem yrði á uppbyggingu markaðarins væri til þess fallin að valda alvarlegri röskun á samkeppni. Þá taldi eftirlitið að samruninn myndi jafnframt leiða til mikillar samþjöppunar á markaði málsins sem hindrað gæti virka samkeppni. Þá var það jafnframt frummat Samkeppniseftirlitsins að þegar litið væri til þeirrar markaðshlutdeildar sem samrunaaðilar myndu öðlast við samrunann á skilgreindum markaði og efnahagslegs styrkleika þeirra væru sterkar líkur á því að samruninn myndi leiða til markaðsráðandi stöðu. Þrátt fyrir að slík staða yrði ekki til við samrunann væri ljóst að markaðsgerðin myndi breytast umtalsvert og keppinautum fækka úr þrjá í tvo. Með hliðsjón af framangreindu var það frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn myndi raska samkeppni með umtalsverðum hætti í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga þannig að eftirlitið þyrfti að grípa til íhlutunar vegna hans.

Samrunaaðilum var veittur frestur til 11. ágúst 2015 til að svara andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins. Sá frestur var síðar framlengdur til 25. ágúst 2015 að beiðni samrunaaðila, en þann dag bárust endanlegar athugasemdir samrunaaðila við andmælaskjalið.

Í kjölfar frekari samskipta barst Samkeppniseftirlitinu, þann 8. september 2015, bréf frá samrunaaðilum þar sem tilkynningin frá 11. maí 2015 var dregin til baka. Ástæðan sem tilgreind var í bréfinu var sú að frestur sem samrunaaðilar höfðu samkvæmt kaupsamningi til að afla samþykkis Samkeppniseftirlitsins hefði liðið án þess að samþykki hefði fengist hjá eftirlitinu. Auk þess lægi fyrir frummat Samkeppniseftirlitsins, sbr. andmælaskjal þess, og ráða mætti af síðari samskiptum samrunaaðila við eftirlitið að athugasemdir þeirra við andmælaskjalið ryddu ekki úr vegi því frummati.



Með vísan til framangreinds liggur fyrir að samruni sá sem tilkynntur var eftirlitinu þann 12. maí 2015 hefur gengið til baka. Af þeim ástæðum eru ekki forsendur til að aðhafast frekar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

## II.

### Ákvörðunarorð:

**„Kaup Alfa hf. (móðurfélags Tékklands bifreiðaskoðunar ehf.), fyrir hönd óstofnaðs félags á öllu útgefnu hlutafé Aðalskoðunar hf. fól í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Tilkynning um samruna til Samkeppniseftirlitsins var afturkölluð af hálfu samrunaaðila. Af þeim ástæðum verður ekki aðhafst frekar í málinu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson